

AUGLÝSING

um skipulagsmál Dalvíkurbyggð.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skáldalækjar ytri.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 17. mars 2026 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skáldalækjar ytri skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækkun deiliskipulagssvæðisins til suðurs fyrir þrjár nýjar frístundalóðir.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41.-43. gr. skipulagslaga og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 27. maí 2026.

F.h. Dalvíkurbyggðar,
María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2026